

46. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 16. apríl 2003 kl. 17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mættir voru: Gretar D. Pálsson,
Dagný Þórisdóttir,
Helgi Haraldsson,
Guðmundur Kristinsson,
Þorgrímur Kristinsson,
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Stykkishólmsbær sækir um breytingu á almenningssalerni við hafnarvog, Hafnargötu 6.
Umræða fór fram, breytingar á áður samþykktum teikningum samþykktar.
2. Lágholt 18. Útlitsbreiting
*Gunnlaugur Árnason sækir um leyfi til þessa að klæða hús sitt með liggjandi bárujárni og standandi timburklæðningu, einnig eru breytingar á gluggum samkv. teikningum Bærings B. Jónssonar dags. apríl 2003.
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.*
3. Reitavegur 4a. Lóðarframkvæmdir.
*Hafdís Berg Gísladóttir sækir um leyfi til þess að girða lóð sína samkvæmt útsetningu byggingarfulltrúa. Bent er á að siglingarmerki verða fyrir utan girðingu.
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.*
4. Hafnargata 6.
*Hafnarnefnd Stykkishólmsbæjar sækir um leyfi til þess að setja upp upplýsingartöflu á væntanlegt salernishús við hafnarvog.
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.*
5. Hafnargata 9 (Sæmundarpakkhús).
Rætt var um fyrirhugaðar framkvæmdir við Sæmundarpakkhús.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:30

Gretar D. Pálsson (sign.),

Dagný Þórisdóttir (sign.),

Helgi Haraldsson (sign.),

Guðmundur Kristinsson (sign.),

Þorgrímur Kristinsson (sign.),

Sveinn Björnsson (sign.).